

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjöld í Glæsibæjarhreppi.

I. Um holræsi.

1. gr.

Hreppsnefndin hefur ein heimild til að láta leggja holræsi samkvæmt skipulagi um lagningu holræsa, aðalæða, götuæða og rotþróa. Allar framkvæmdir sem varða holræsakerfið, svo sem viðhald, endurbætur, viðauka og umsjón annast hreppsnefndin eða þeir menn sem hreppsnefnd felur það undir hennar umsjón.

2. gr.

Hreppsnefnd lætur leggja holræsi svo, að hver lóðarhafi nái til þeirra í götu, vegi eða opnu svæði, er lóð hans telst til. Skylt er lóðaeigendum og húsráðendum að gera samkvæmt reglugerð á sinn kostnað holræsi er flytji skolp allt út í aðalræsi. Þar sem lagðar hafa verið aðskildar lagnir fyrir skolp og yfirborðsvatn skal lóðarhafi leggja aðskildar lagnir að aðalræsum og tengja.

Allar lagnir svo og frágangur skulu vera í samræmi við gildandi staðla og reglugerðir á hverjum tíma.

3. gr.

Ekki er heimilt að veita frárennsli, er valdið getur skemmdum á holræsakerfinu eða truflað rekstur þess, út í göturæsi. Þetta getur átt við um eiturmengað, olíumengað, próteinríkt, fituríkt eða blóðblandað fráveituvatn. Þar sem hætta er á að skolp innihaldi ofangreind efni ber húseiganda skylda til að fjarlægja þau eða gera óskaðleg áður en því er veitt út í holræsakerfið. Ráðstöfunum þessum ber að haga samkvæmt fyrirmælum byggingarfulltrúa og heilbrigðisnefndar.

4. gr.

Við nýbyggingar og breytingar á ræsum í lóð er lóðarhafa skylt að leggja fram til samþykktar uppdrátt í tvíriti er sýni legu, halla, stærð og gerð ræsa. Sá sem uppdrátt gerir skal undirrita hann með eigin hendi og ber hann ábyrgð á að hann sé í samræmi við gildandi reglugerðir og staðla. Þegar byggingarfulltrúi hefur samþykkt uppdrátt stimplar hann og áritar bæði eintökin. Annað eintakið skal varðveitt í skjalasafni byggingarfulltrúa. Hitt eintakið skal liggja fyrir á byggingarstað. Ekki má hefja framkvæmdir við lagnir fyrr en samþykktur uppdráttur liggur fyrir. Samþykkt byggingarfulltrúa rýrir á engan hátt ábyrgð þess sem uppdráttinn gerir.

5. gr.

Byggingarfulltrúi skal hafa eftirlit með því að lagnir séu í samræmi við samþykktan uppdrátt og reglugerð þessa. Ekki má hylja frárennislagnir fyrr en þær hafa verið viðurkenndar af byggingarfulltrúa. Álíti byggingarfulltrúi að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar og gildandi staðla getur hann stöðvað verkið þar til bætt hefur verið úr því sem áfátt kann að vera.

II. Um holræsagjald.

6. gr.

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í Glæsibæjarhreppi eða leigir lóð við götu eða opið svæði sem holræsi hefur verið lagt í ber að greiða holræsagjald til sveitarsjóðs Glæsibæjarhrepps.

Upphæð gjaldsins skal vera 0,18% af fasteignamati allra húsa og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1967. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald. Heimilt er að lækka eða fella niður holræsagjald tekjulítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

7. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

8. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalda fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Reglugerð þessi sem samin er af hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Glæsibæjarhreppi nr. 658/1995.

Félagsmálaráðuneytinu, 29. nóvember 2000.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Guðjón Bragason.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.